



Haraldur Guðni Eirsson er 19 ára nemi á eðlisfræðibraut Menntaskólans við Sund og fráfaraandi gjaldkeri skólafélagsins. Hann er tvíburi, eins og helstu stórmenni sögunnar, og er á blýföstu.

Er ekki hræðilega leiðinlegt að vera gjaldkeri skólafélags? „Nei, það er mjög gaman vægast sagt. Starfið felst í stjórnun félagslífs skólans og vinnu með góðu fólki.“

Altso, en hvað borðarðu í morgunmat? „Kókópöfss með AB-mjólki.“

Kanntu að elda? „Frekar lítið.“

Hefurðu látið lita á þér hárið? „Aldrei og mun aldrei gera.“

Hvar vildirðu helst búa ef þú ættir þess ekki kost að búa á Íslandi? „Í Færeyjum.“

Hvernig stelpur eru mest kynsandi? „Þetta er erfið spurning. Þær þurfa að vera gæddar náttúrulegri fegurð.“

Hugsarðu mikið um það í hverju þú ert? „Það er misjafnt og fer eftir því í hvernig skapi ég er. Stundum hugsa ég mikið um það og stundum lítið en alltaf aðeins.“

Syngurðu í sturtu? „Ég syng oft í sturtu — hátt og snjallt.“

Hvaða raxspira notarðu? „Gucci og Tzar.“

Trúirðu á ást við fyrstu sýn? „Já, ætli það ekki bara.“

Ertu daðrari? „Nei, það held ég ekki, ég er frekar lélegur í þeim efnum.“

Hvað er þér verst við? „Stúdentspróf, ég sit og læri fyrir það núna alla daga.“

Hefurðu verið til vandræða drukkinn? „Ekki svo ég muni.“

Hefurðu áhuga á stjórnmálum? „Nei, eiginlega ekki.“

Hvort eiga karlar að ganga á undan eða eftir konum niður stiga? „Á eftir.“

Ferðu einn í bíó? „Nei, aldrei.“



Hluti af undirbúningshópnum: G.R. Lúðvíksson, Sigurgeir Orrí, Arnís, Finnur Arnar og Halldór. Listahátíðin hefur í augnablikinu yfirskriftina Loftárás á Seyðisfjörð, það er dálítið langt mál að útskýra hvers vegna.

VANTAR PÖNKSVÉITIR OG VOND LJÓÐSKÁLD

Fyrir svosem hálfum mánuði mættu svosem sextíu og tveir borgarar, flestir frekar ungir, á fund í kjallara við Hafnarstrætið í Reykjavík. Þeir sýndu áhuga framkomnum hugmyndum um að halda listahátíð, og samþykktu að hún skyldi standa frá 13. júní fram í júnílok.

En er ekki nóg að hafa eina listahátíð í Reykjavík, þessa með stóra L-inu? Það telja ekki aðstandendur nýju listahátíðarinnar, þótt þeir taki reyndar sérstaklega fram að þeirra hátíð sé á engan hátt stefnt gegn stóru listahátíðinni, né sé hún neins konar ádeila á hana.

Þetta er samséð öðruvísi listahátíð þar sem allir mega vera með sem vilja. Og þegar hefur gefið sig fram vænn hópur af myndlistarmönnum og leikurum, það er að myndast kjarni sem ætlaftur að halda fund í Djúpinu á sunnudaginn klukkan fimm. En að sögn hópsins, sem kannski má kalla eins konar framkvæmdanefnd, vantar ennþá „pönksveitir, vond ljóðskáld, rithöfunda, fleiri myndlistarmenn og hannyrðakonur“.

Hugmyndin bak við hátíðina er að hafa allt sem lýðræðislegast. Þau telja sig vera búin að finna húsnæði þar sem dagskrá verður í gangi svona fjögur til sjö kvöld í viku, en annars geta allir komist á blað — hvort sem þeir ætla að sýna í gallerí eða halda tónleika heima í bílskúrum hjá sér.

Og kannski verður einhver hluti hátíðarinnar haldinn í Iðnó, ef Markús Örn leyfir, en hópurinn segir eitt markmið hátíðarinnar vera að sanna hvíll þörf sé á að breyta leikhúsinu gamla í fjöllistahús.

En eru þetta kannski lélegu listamennirnir, þeir sem komast ekki að á finu listahátíðinni?

„Þetta er bara annað fólk,“ er einfalt svar og ennfremur: „Það er kominn tími á nýja hreyfingu sem er þverskurður af því sem er að gerjast. Svoleiðis hreyfing hefur ekki orðið til hérna í þrjátíu ár. Í staðinn hefur fólk verið að paufast þetta hvað í sínu horni. Það er kominn tími til að sam-eina þessa hornamenn.“

RÓMAN-TÍSKT PRÓGRAMM

„Þetta er mjög rómantískt prógramm og afskaplega fjölbreytt, allt frá argentínskum þjóðlögum upp í bæn eftir fransk tónskáld upphaflega samið á hebresku. Síðan er flutt tónlist frá ýmsum skeiðum, allt upp í franska kaffihúsamúsík. Hér eru á ferðinni lög eftir suður-amerísk tónskáld, frönsk og þýsk og því mjög blönduð tónlist með klassísku yfirbragði,“ segir Signý Sæmundsdóttir söpransöngkona.

Laugardaginn 25. apríl heldur Signý tónleika í Gerðubergi sem eru þeir fimmtu og síðustu í Ljóðatónleikaröð þessa vetrar. Þeir hefjast klukkan 17.00. Þessir síðustu ljóðatónleikar eru fluttir þrisvar; tvisvar í Gerðubergi, á laugardag og mánudagskvöld 27. apríl klukkan 20.30, og á Akranesi í Vinaminni miðvikudaginn 29. apríl á sama tíma. Pí-anóleikari á tónleikum er Jónas Ingimundarson.



Signý, sem hefur stundað söngnám jafnt héraendis sem og í Vínarborg, hefur sungið í uppfærslum Íslensku óperunnar, komið fram með Sinfóníuhljóm-sveit Íslands og ýmsum kamm-erhópum. Tónleikaröðin í Gerðubergi er hljóðrituð og útdráttur úr henni væntanlegur á geisladisk með vorinu.

VINSÆLIR ÞURSAR

Mann rekur í rokastans þegar Hinn íslenski þursaflokkur er allt í einu orðinn vinsæll á ný, en nýnlega kom út geisladiskur með hljómsveitinni sem hefur afar snarlega komið sér fyrir í þriðja sæti íslenska vinsældalistans. Þeir einu sem hafa betur eru heitustu númerin vestanhafs, Nirvana og Red Hot Chili Peppers. Afar merkilegt mál.

„Þetta kemur mér mjög á óvart og ég hélt satt að segja að hún hefði farið þarna inn á lista af skyldurækni,“ segir Egill Ólafsson, fyrrum Þurs. „Hér áður fyrr var gjarnan selt það upplag sem var prentað og því hef ég grun um að hún hafi verið ófáanleg í

langan tíma. Vínýlplötur ganga úr sér og ég á von á því að gamlir aðdáendur flokksins hafi rokið til og tryggt sér eintak. Enga trú hef ég á því að það sé yngra fólk sem er að kaupa þetta, en gaman væri samt að vita hverjir þetta eru.“ Þursaflokkurinn sótti hugmyndir í gamlan kveðskap og tónlist. „Þetta var skemmtilegur og sérkennilegur tími og við vorum á skjön við tíðarandann.

Þetta var þegar pönkið var að byrja... og að auki lentum við í diskóæðinu. Hljóm-sveitina dagaði því í raun uppi vegna þess að ekki var í nein hús að venda.“



fyrir en undir miðjan maí, með lempni. Þar virðast þó sæmlegar horfur á að komast á Eg heiti Ísbjörg, ég er ljón eftir svosem tíu daga, fyrstu vikuna í maí.

KLASSÍKIN

● **Kór Öldutúnskóla.** Egill Friðleifsson er hugsjónamaður sem lengi hefur enst til að fá skólabörn til að syngja af sérstæðum yndisþokka, og stórum betur en gengur og gerist í kórum þessarar tegundar. Kórinn hans Egils heldur vortónleika á sumardaginn fyrsta og þar verða kannski ekki Vorvindar glaðir og Voríð góða grænt og hlýtt, ekki svo mjög, heldur tónlist sem spannar í tíma allt frá Palestína til okkar daga. **Víðstaðakirkja fim. kl. 17.**

● **Blásarakvintett Reykjavíkur.** Það er hátt til lofts og vítt til veggja í Listasafni Íslands, svo líklega fer vel á því að blása þar í lúðra. Það ætlar Blásarakvintett Reykjavíkur að gera á sunnudaginn á tónleikum þar sem verða flutt verk eftir Þorkel Sigurbjörnsson, Hindemith, Danzi og Leon Janacek. **Listasafn Íslands sun. kl. 17.**

MYNDLIST

● **Telkningar Kjarvals.** Sá guðdómlegi ólíkindamaður Jóhannes Kjarval er eilíft að hantéra blýanta og blöð. Hann var teiknari af náðargátu, alveg áreynslulaust að því manni virðist tókst honum að skissa svipmót ýmissa samtíðarmanna sinna, einkum öldungsfólks. Á þessari sýningu sem verður opnuð á Kjarvalsstöðum um helgina eru teikningar sem spanna mestallt lífshlaup Kjarvals, andlitsmyndirnar frægu, landslagsmyndir, fantasíur og skissur að stóru freskunn í Landsbankanum. Og kvarti menn svo yfir því að Kjarvalsstaðir sýni meistaranum ekki ræktarsemi.

● **Trú & auglýsingar.** Þessi sýning í Gallerí 15 svarar svosem ekki þeirri spurningu hvort guð og kirkjan eigi að auglýsa með allri tækni og hugviti nútímans, en hún sýnir býsna skemmtilega hvernig slíkar auglýsingar gætu lítið út. Þarna hafa margir snjöllustu auglýsingateiknarar landsins, meðlimir í Félagi íslenskra teiknara, lagt hönd á plóg og sumar auglýsingarnar hafa ótvíræðan slagkraft, aðrar skemmtanagildi. Það fer svo eftir upplagi hvers og eins hvort hann lítur framtak- ið jákvæðum augum, með mildri eða stórfelldri hneykslan.

● **Finnur Jónsson.** Það eru síðustu forvöð, hún er að renna sitt skeið þessi sýning sem er algjört móst. Af hverju er hún það? Vegna þess að hún kortleggur skilmerkilega feril einhvers fyrsta íslenska nútímalistamannsins, vegna þess að Finnur málaði fádæma góðar og fallegar myndir, vegna þess að sýningunni er sérstaklega vel fyrir komið í sölu Listasafns Íslands, vegna þess að Finni hefur í raun ekki verið nægur gaumur gefinn.

ÓKEYPIS

● **Blysför & tertur.** Eða þannig. Á sumardaginn fyrsta snýst allt um Halldór Laxness og Rithöfundasambandið ætla að efna til blysfarar að Gjúfrasteini í tilefni stórafmælis. Það kostar varla neitt að slást í för og varla er svosem einn kyndill heldur óvirdanlega dýr. Á laugardaginn geta þeir sem unna Laxness og lagðokum svo tekið upp á því að birtast í Þjóðleikhúskjallaranum. Þar verða ókeypiss Hnallþurtertur, meðan birgðir endast.

● **Húsin í bænum.** Ekki að kaupa, heldur að skoða. Eins og bent var á í samantekt hér í PRESSUNNI fyrir hálfum mánuði er bærinn fullur af ljótum húsum, en líka fallegum húsum. Eftir hryllilega ofnotkun á steinsteypu framfeittir síðasta áratug er þeim meira að segja farið að fjölga; frekar léttum og glaðlegum húsum í póstmóðernískum stíl. Ágætt að kíkja á þau, svona milli Perunnar, Edens og Laugavegsrúntans.

SJÓNVARP

● **Skáldið á Gjúfrasteini.** Varla hefur það farið framhjá neinum að Halldór

| | | | | | | | | | | | | |
|----|----|----|---|----|---|----|---|----|----|----|----|----|
| | | 2 | 3 | 4 | 5 | | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 | |
| | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | |
| 13 | 14 | | | | | | | | | | 16 | |
| | | | | | | | | | | | | |
| 17 | | | | 18 | | 19 | | | | 20 | | |
| | | | | | | | | | | | | |
| 21 | | | | 22 | | 23 | | | | 24 | | |
| | | | | | | | | | | | | |
| 25 | | | | | | 26 | | | | 27 | | |
| | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | 28 | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | |
| 29 | 30 | 31 | | | | | | | 32 | 33 | 34 | 35 |
| | | | | | | | | | | | | |
| 36 | | | | | | 37 | | 38 | | 39 | | |
| | | | | | | | | | | | | |
| 40 | | | | | | 41 | | | 42 | | 43 | |
| | | | | | | | | | | | | |
| 44 | | | | | | 45 | | | 46 | | 47 | |
| | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | 48 | | | 49 | | | |
| | | | | | | | | | | | | |
| 50 | | | | | | | | | 51 | | | |

PUNGA GÁTAN

LÁRÉTT: 1 bleikjan 6 jötunsheiti 11 grandí 12 frillu 13 athugað 15 skári 17 beita 18 prófast 20 kvabb 21 ríftun 23 stilla 24 lund 25 ota 17 karlmannsnafn 28 urguðu 29 þíðu 32 flát 36 sofa 37 deila 39 skíri 40 gufu 41 ástæða 43 málmur 44 smáþjatta 46 fæða 48 nudduð 49 gleði 50 tálínu 51 sterka

LÓDRÉTT: 1 hanga 2 nykur 3 skjögur 4 stétt 5 afkomandi 6 vana 7 hita 8 lána 9 tuskum 10 minnkaðir 14 kvenmannsnafn 16 glyrna 19 herslustokks 22 skunda 24 eyra 26 hláku 27 ellegar 29 signa 30 þreytt 31 maðkinn 33 fögnuðinn 34 hlóðir 35 rugla 37 korninu 38 villigötur 41 götin 42 bátur 45 blási 47 jaka

Drauma DINNER



Hildur Snjólaug Bruun dagskrárgerðarmaður hjá Ríkissjónvarpinu

PRESSAN bað Hildi að velja gesti í draumkvöld-verðinn að þessu sinni.

Margrét Ingólfssdóttir

stórkokkur til að elda **Atli Már Sigurðsson** lögreglumaður sem veislustjóri

Ágúst Guðmundsson

til að skemmta fólki með frábærum gítarleik **Hilmar**

og **Árni Einarssynir**

vegna þeirra elskulegu borðsiða

dr. Gunnlaugur Þórðarson

ferðalangur og menningarfrömuður

frú Ragna Ragnars

gleðigjafi **Sara Ferguson**

til að ræða stöðu fjölskyldunnar

Dagur Sigurðarson til að lesa frumsamin

ljóð **Dolly Parton** til að syngja